



Nr. 28/2020
1. september 2020

Viðskiptaafgangur var 7 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi 2020 – hrein staða við útlönd jákvæð um 838 ma.kr.

Á öðrum ársfjórðungi 2020 var 7 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd samanborið við 16,7 ma.kr. afgang ársfjórðunginn á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 9,2 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 3,7 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 19,2 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 6,8 ma.kr. halla (sjá töflu).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2020 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptaafgangurinn var 9,2 ma.kr. minni en á sama ársfjórðungi árið áður. Það skýrist aðallega af óhagstæðari þjónustuviðskiptum² um sem nemur 48,4 ma.kr. Munar þar mest um umtalsvert lægra verðmæti útfluttrar þjónustu eða sem nemur 99 ma.kr. Á móti vegur að innflutt þjónusta minnkaði um 50,6 ma.kr. Vöruviðskipti voru hagstæðari sem nemur 34,3 ma.kr. Það skýrist að mestu af 47,9 ma.kr. minni innflutningi miðað við árið á undan en útflutningur var 13,6 ma.kr. minni. Frumþáttatekjur voru 4,7 ma.kr. hagstæðari og halli rekstrarframlaga var lítillega minni eða um 0,2 ma.kr.

Hrein staða við útlönd var jákvæð um 838 ma.kr. eða 28,5% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 143 ma.kr. eða 4,9% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.475 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.636 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 22 ma.kr. á fjórðungnum en erlendar eignir jukust um 83 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta og skuldir um 61 ma.kr. Virði eigna og skulda jókst nokkuð vegna gengis- og

¹ Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

² [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

verðbreytinga á ársfjórðungnum, en í heildina leiddu þær til 137 ma.kr. hækkunar á hreinni erlendri stöðu þjóðarbúsins. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um 18,8% og á innlendum hlutabréfamarkaði um tæp 20%. Gengi krónunnar stóð í stað gagnvart helstu gjaldmiðlum miðað við gengisskráningarvog.

Gjaldmiðlaskipting á erlendri stöðu þjóðarbúsins

Tafla með gjaldmiðlaskiptingu á erlendri stöðu þjóðarbúsins hefur verið birt undir talnaefni í Hagtölum Seðlabankans.³ Taflan sýnir gjaldmiðlaskiptingu á erlendum eignum og skuldum þjóðarbúsins í lok árs 2018 og 2019, skipt eftir sjö flokkum gjaldmiðla. Tilgangur birtingarinnar er að gefa skýrari mynd af erlendum eignum og skuldum þjóðarbúsins. Miðað við stöðu í lok árs 2019 var stærstur hluti eigna í Bandaríkjadal, 51%, en næststærstur í evru, 33%. Skuldir voru mest í evrum, 36%, íslenskum krónum 29% og Bandaríkjadal 22%.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2019/2</u>	<u>2019/3</u>	<u>2019/4</u>	<u>2020/1</u>	<u>2020/2</u>
Viðskiptajöfnuður	16,2	65,4	55,3	16,7	7,0
Vöruskiptajöfnuður	-43,4	-48,0	-12,8	-18,4	-9,2
Þjónustujöfnuður	52,2	104,4	59,0	22,7	3,7
Jöfnuður frumþáttatekna	14,4	15,1	9,1	19,8	19,2
Rekstrarframlög, nettó	-7,0	-6,1	0,0	-7,4	-6,8
Jöfnuður fjárframlaga	-0,5	-0,4	-0,6	-0,6	-0,5
Fjármagnsjöfnuður	-30,8	130,8	56,1	34,7	22,1
Bein fjárfesting	33,2	12,8	36,1	27,3	24,1
Verðbréf	-103,4	93,7	82,3	-22,9	-39,0
Afleiður	1,7	0,4	0,3	2,0	6,6
Önnur fjárfesting	-26,7	18,7	-68,1	15,5	-43,4
Gjaldeyrisforði	64,4	5,2	5,5	12,8	73,9
Skekkjur og vantalið, nettó	-46,5	65,8	1,3	18,5	15,7

³ Sjá, Erlend Staða Þjóðarbúsins á <https://www.sedlabanki.is/hagtalur/talnaefni/>

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2020/1	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2020/2
Erlendar eignir, alls	4.220	70	188	-3	4.475
Bein fjárfesting	909	18	-2	-4	921
Verðbréf	1.758	17	199	7	1.980
Afleiður*	13	-7	8	0	14
Önnur fjárfesting	592	-32	-3	-6	550
Gjaldeyrisforði	948	74	-13	1	1.009
Erlendar skuldir, alls	3.525	47	50	14	3.636
Bein fjárfesting	1.234	-6	-5	4	1.227
Verðbréf	1.441	56	62	-2	1.557
Afleiður*	25	-13	0	0	12
Önnur fjárfesting	824	11	-6	11	841
Hrein staða þjóðarbúsins	695	22	138	-17	838
% af VLF	23,7%	0,8%	4,7%	-0,6%	28,5%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá
upplýsingatækni og agnasöfnun Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.